

# Til kaupenda persónuhlífa

Upplýsingar um  
CE-merkingar  
persónuhlífa



merkingar



LÖGGILDINGARSTOFA

Rafmagnsöryggi • Faggilding • Markaðsgæsla • Mælifræði • Lögmælifræði

Löggildingarstofa hefur eftirlit á markaði með persónuhlífum sem fyrst og fremst eru ætlaðar til einkanota. Dæmi um persónuhlífar til eigin nota eru reiðhjólaihjálmar, sógleraugu og öryggisbúnaður fyrir íþróttir.

Reglugerð um persónuhlífar til einkanota nr. 635/1999 er fánleg á skrifstofu Löggildingarstofu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Allar nánari upplýsingar um persónuhlífar til einkanota veitir:

Markaðsgæsludeild Löggildingarstofu  
Borgartúni 21  
105 Reykjavík  
Sími 510 1100 - Fax 510 1101  
Netfang: [ls@ls.is](mailto:ls@ls.is) - Heimasíða: [www.ls.is](http://www.ls.is)



VINNUEFTIRLITIÐ

Vinnueftirlitið hefur eftirlit með persónuhlífum sem settar eru á markað og eru fyrst og fremst ætlaðar til notkunar á vinnustöðum. Dæmi um slíkar persónuhlífar eru öryggishjálmar, öryggisskór og heyrnarhlífar.


Reglurnar um gerð persónuhlífa nr. 501/1994 ásamt síðari breytingum (nr. 690/1998 og 584/1999) má fá hjá Vinnueftirlitinu og einnig á heimasíðu þess.

Vinnueftirlitið  
Bíldshöfða 16,  
110 Reykjavík  
Sími 550 4600 – Fax 550 4610  
Netfang: [vinnueftirlit@ver.is](mailto:vinnueftirlit@ver.is) – Heimasíða: [www.ver.is](http://www.ver.is)

# Til kaupenda persónuhlífa

## Hefur þú hugleitt hvort búnaðurinn er CE-merktur?



CE-merkið lítur svona út  og vottar að búnaðurinn uppfyllir grunnkröfur um heilsuvernd og öryggi sem yfirvöld aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins hafa sett. CE-merkið er því eins konar vottorð um að selja megi búnaðinn án hindrana í þessum löndum.

Búnaðinum skulu fylgja notkunarleiðbeiningar ritaðar á íslensku.



### Til atvinnurekanda

Við kaup á persónuhlífum fyrir starfsmenn ber að hafa eftirfarandi í huga:

- Að búnaðurinn beri CE-merkið. Með CE-merkinu ábyrgist framleiðandinn að varan uppfylli settar grunnkröfur.
- Að velja búnað sem ætlaður er til viðkomandi nota (t.d. að velja rétta síu í öndunarfærahlífina þegar unnið er með olíumálningu).
- Að lesa notkunarleiðbeiningarnar vel, m.a. til að fullvissa þig um að persónuhlífin sé gerð til fyrirhugaðra nota (ýmsar gerðir persónuhlífa eru til í mismunandi áhættuflokkum).

### Til neytanda

Við kaup á persónuhlífum til eigin nota verður þú sjálf/sjálfur að bera ábyrgð á því að velja réttar persónuhlífar. Hafðu því eftirfarandi í huga:

- Að búnaðurinn beri CE-merkið. Með CE-merkinu ábyrgist framleiðandinn að varan uppfylli settar grunnkröfur.
- Varaðu þig á ómerktum búnaði fyrir tómstundavinnu, t.d. öndunargrímum eða augnhlífum.
- Að fylgja notkunarleiðbeiningum.



### Til seljanda persónuhlífa

Við viljum með þinni aðstoð upplýsa bæði atvinnurekendur og einstaklinga um þær reglur sem gilda um persónuhlífar. Markmiðið er að enginn hljóti áverka eða heilsutjón. Vinsamlegast hafðu þetta blað sýnilegt þar sem kaupendur velja sér persónuhlífar.